

Fundargerð 8. fundar Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundarstaður: Félagsheimilinu Röst á Hellissandi

Fundardagur: 28. febrúar 2005

Af þeim sem voru boðaðir mættu eftirfarandi:

Guðrún G. Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – guðrun@hellnar.is

Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – hjj@mi.is

Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – finsen@soffi.com

Davíð Sveinsson, varafulltrúi Stykkishólmsbæjar – david@stykkisholmur.is

Menja von Schmalensee, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – menja@nsv.is

Guðbjörg Gunnarsdóttur, fulltrúi Þjóðgarðinum Snæfellsjökli – guðbjorg@ust.is

Ástþór Jóhannsson, fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps – salmo@islandia.is

Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar – hildibrandur@simnet.is

Forföll boðaði:

Lydia Rafnsdóttir, fulltrúi Snæfellsbæjar – lydia@centrum.is

Varamaður gat ekki mætt.

Formaður setti fundinn kl. 13:30 og var gengið beint til eftirfarandi dagskrár:

DAGSKRÁ FUNDARINS – FORGANGSRÖÐUN:

- 1. Fræðsluerindi - Menja von Schmalensee**
- 2. Kynning á frumdrögum bæklinga – Menja og Ástþór**
- 3. Umræða um bæklinginn**
- 4. Ákveða almennan kynningarfund á bæklingi**
- 5. Umræða um vefsíðu**
- 6. Fundir með starfsmönnum sveitarfélaga – staða verkefnisins**
- 7. Greiðslur fyrir störf unnin fyrir Framkvæmdaráðið, utan við störf kringum fundi**
- 8. Ráðning framkvæmdastjóra /sameiginlegs Staðardagskrárfulltrúa**

Ef tími vinnst til verður líka rætt um:

- 9. Bæjarfréttablöðin – stefnan í samstarfi við þau**
- 10. Gerð á skilti með Green Globe merkinu við bæjarmörkin**
- 11. Umsóknir um styrki í Pokasjóð og Orkusjóð**
- 12. Umsókn til Ferðamálaráðs í ÍSLAND SÆKJUM ÞAÐ HEIM**
- 13. Kynningarefni fyrir Ferðatorg**
- 14. Sameiginleg sýn Framkvæmdaráðsins**
- 15. Önnur mál**

Nauðsynlegt að ræða:

- 16. Ákvörðun um næsta fundartíma**

1. Fræðsluerindi Menju von Schmalensee

Menja kynnti framkvæmdaráðinu niðurstöður úr ACIA skýrslunni, sem fjallar um rannsóknir á áhrifum hækkunar hitastigs vegna gróðurhúsaáhrifa á norðurhveli jarðar (Ísland er hluti af því) sem unnin var af um 300 vísindamönnum á síðastliðnum fjórum árum. Skýrslan er á ensku og var unnin að beiðni Norðurheimskautsráðsins, en

meginmarkmið hennar er að auðvelda stjórnámálönnum að taka ákvarðanir um framtíð þessa heimshluta. Þau lönd sem standa á bak við skýrsluna eru: Noregur, Danmörk, Svíþjóð, Ísland, Grænland, Kanada, Bandaríkin og Rússland.

Var erindið afar fróðlegt og kom þar meðal annars fram að vegna haf- og loftstrauma þá enda mörg mengunarefni ferð sína á heimskautasvæðunum, hvar sem þau eiga uppruna sinn. Helstu hættur vegna hækunar hitastigs næstu 20-70 árin eru eyðing búsvæða, og þar með útdauði margra norrænna tegunda, hækandi yfirborð sjávar vegna bráðunar íss og útpenslu sjávar er hann hitnar og seltan minnkar, aukin óveður og veðrakerfi í uppnámi. Óvíst er hvað verður um Golfstrauminn, en vísindamenn töldu sig ekki geta spáð um það. Skýrsluna er að finna á <http://amap.no/acia/>.

2. Kynning á frumdrögum bæklingis – Menja og Ástþór

Eftir síðasta fund hittust þau Menja, Ástþór og Guðrún og ræddu grunnhugmyndir að gerð kynningarbæklingis fyrir Snæfellsnes. Í framhaldi af því hittust svo Ástþór, Menja og eiginmaður hennar Róbert og unnu frumdrög að bæklingi. Ástþór vann svo grunnhönnun að bæklingnum. Samkvæmt hans tillögu er um 40 síðna bækling að ræða, sem byggir á þeirri grunnhugmynd Snæfellsbæjarbæklingisins að hægt sé að leiða ferðamanninn um áhugaverðustu staði Snæfellsness. Gert er ráð fyrir auglýsingum og þjónustuskra í bæklingnum. Menja hafði kynnt sér prentkostnað ef prentuð yrðu 10.000 eintök af bæklingnum á íslensku og annað eins á ensku. Leitað var tilboða hjá prentsmiðjunni Hjá Guðjón Ó HF sem er umhverfisvottuð prentsmiðja. Sé haft innabrotið kort á kápusíðum bæklingisins hljómar grunntilboð upp á 550.000 krónur fyrir hvort tungumálið eða 1.100.000 í heildina. Sé kápan án innabrots yrði verðið í kringum 450.000 krónur fyrir hvort tungumál.

3. Umræða um bæklinginn

Í framhaldi af kynningunni spannst umræða um bæklinginn. Hann er talinn hafa fjölnota gildi, bæði til að laða að ferðamenn og eins til að leiðbeina þeim þegar þeir eru komnir á staðinn. Hann er talinn henta vel bæði fyrir innlendan og erlendan markað. Ljóst er að í hann þarf að safna mörgum myndum til að hann skili þeim upplýsingum sem óskað er eftir að koma á framfæri. Því var samþykkt að Menja og Guðrún myndu gera nákvæmt yfirlit yfir þær myndir og þá texta sem þarf fyrir bæklinginn og skila því af sér fyrir næsta fund.

Jafnframt var samþykkt að leita til ljósmyndara og semja við hann í framhaldi af því um þær myndir sem taka þarf fyrir bæklinginn. Gert er ráð fyrir að svo megi nota myndirnar á vefsíðuna www.snaefellsnes.com

Umræða var um það hvort bæklingur af þessari stærðargráðu ætti að kosta ferðamanninn eitthvað. Ýmsar hugmyndir voru um verð en endanleg niðurstaða fæst ekki fyrr en síðar. Ákveðið var að útgáfa bæklingisins væri það tímafrek að henni yrði ekki hægt að sinna fyrir vorið, en stefnt er að því að bæklingurinn verði tilbúinn á ensku í byrjun september n.k. svo hægt sé að nota hann til kynningar á erlendum ferðasýningum í haust. Ákveðið var að fyrir sumarið yrði gefinn út fjórblöðungur sem þegar er til hannaður. Í honum koma fram helstu *seglar* Snæfellsness og verður honum dreift á íslensku og ensku.

4. Ákveða almennan kynningarfund á bæklingi

Ekki er tímabært að kynna bæklinginn á þessu stigi málsins og verður því beðið með almennan kynningarfund þar til síðar. Samþykkt var að stjórnin myndi senda frá sér fréttatilkynningu í bæjarblöðin þar sem málið yrði kynnt.

5. Umræða um vefsíðu

Sigríður kom með þá tillögu að til að virkja lénið sem frátekið er www.snaefellsnes.com væri rétt að setja bara upp grunnupplýsingar á einni síðu eða svo. Var það samþykkt og jafnframt ákveðið að nota það efni sem færi í bæklinginn, bæði myndir og texta, inn á uppfærða gerð síðunnar, sem yrði þá væntanlega unnin síðar á árinu. Var Magnúsi Soffaníassyni falið að setja upp þessa grunn netsíðu, en Guðrún og Menja taka saman stuttan texta til að setja þar inn.

6. Fundir með starfsmönnum sveitarfélaga – staða verkefnisins

Guðrún greindi frá því að Stefán Gíslason myndi halda kynningarfundir með starfsmönnum sveitarfélaganna á næstu tveimur vikum. Hún benti jafnframt á að ýmsar upplýsingar um það sem sveitarfélögin þurfa að gera til að fylgja eftir vottun Green Globe 21 hafi legið fyrir frá því í maí á síðasta ári, svo sveitarstjórnir hefðu getað hafið undirbúning og vinnu að þeim mun fyrr en þeir hafa valið að gera.

Sagði Guðrún að fyrir 15. mars n.k. myndi hún senda út bréf til allra sveitarstjórnanna, þar sem enn vantaði **skriflegar** staðfestingar á ýmsum samþykktum þeirra varðandi Green Globe 21 vottunarferlið, sem þyrftu að liggja fyrir áður en til úttektar og vottunar kæmi. Stefnt væri að því að úttekt gæti farið fram annað hvort í maí eða ágúst á þessu ári.

7. Greiðslur fyrir vinnu fyrir Framkvæmdaráðið, umfram almenn störf í kringum fundi

Framkvæmdaráðið hefur þurft að láta vinna fyrir sig ýmis verkefni án þess að enn hafi verið greitt fyrir þau. Lagt var til á fundinum að meðlimum Framkvæmdaráðsins, sem taka að sér skilgreind verkefni, verði greiddar 2.000 krónur fyrir hvern unnin tíma og var það samþykkt. Einnig var samþykkt að þegar meðlimir Framkvæmdaráðsins (eða aðrir utanaðkomandi) halda kynningarfyrirlestra eða mæta á fundi til að kynna GG21 verkefnið verði þeim greiddar 10.000 krónur fyrir hvern fund.

8. Ráðning framkvæmdastjóra / sameiginlegs Staðardagskrárfulltrúa

Guðrún greindi frá því að í skilmálum Green Globe 21 fyrir vottun komi fram að með Framkvæmdaráðinu þurfi að starfa framkvæmdastjóri. Hann þarf að ráða áður en að vottun kemur. Guðrún benti líka á að starf framkvæmdastjóra GG21 verkefnisins félli saman við starf Staðardagskrárfulltrúa sveitarfélaganna, því hvort tveggja byggði á sama grunni. Hún lagði því til að sveitarstjórnirnar fimm á Snæfellsnesi réðu sameiginlegan framkvæmdastjóra og Staðardagskrárfulltrúa. Sennilega yrði um að ræða 100% starf, sem vistað yrði í einhverju sveitarfélaganna, en starfssvæðið yrði allt Snæfellsnes. Var samþykkt að leggja þessa tillögu fyrir sveitarstjórnirnar til samþykktar þar. Menja og Guðrún gera nánari starfslýsingu fyrir viðkomandi starfsmann.

Framkvæmdaráðið fer fram á það við sveitastjórnirnar á Snæfellsnesi að þær fjalli sérstaklega um slíka ráðningu á fundum sínum og komi sér saman um það hvernig að ráðningu framkvæmdastjóra og Staðardagskrárfulltrúa skuli staðið.

9. Bæjarfréttablöðin

Ekki gafst tími til að ræða þennan lið

10. Gerð skiltis með Green Globe 21 merkinu

Guðrún mun ræða við Björn Ólafsson hjá Vegagerðinni vegna þessa máls og annarra mála er varða Snæfellsnesið.

11. Umsóknir um styrki í Pokasjóð og Orkusjóð

Samþykkt var að sækja um styrk í Orkusjóð til að kynna sparnaðarleiðir í raforkunotkun á Snæfellsnesi í tengslum við Green Globe 21 verkefnið. Einnig var samþykkt að sækja um styrk í Pokasjóð. Samþykkt var að Guðrún og Menja tækju það að sér.

12. Umsókn til Ferðamálaráðs í ÍSLAND SÆKJUM ÞAÐ HEIM

Guðrún lagði til að sótt yrði um 500.000 króna styrk til Ferðamálaráðs til að auglýsa upp Snæfellsnesið í sumar með sérstaka áherslu á maí og september í ár og maí á næsta ári. RÚV býður 25% afslátt af auglýsingum tengdum verkefninu og orðin *Ísland sækjum það heim* eru ókeypis í auglýsingunum. Til að fjármagna *krónu á móti krónu hugtakið* í þessari kynningu lagði Guðrún til að leitað yrði til sveitarfélaganna um að leggja í sameiningu 300.000 krónur í kynninguna og að Framkvæmdaráðið myndi leggja 200.000 krónur. Gerð yrði sérstök birtingaráætlun og allar bæjarhátíðir eins og Danskir dagar í Hólminum, Á góðri stund í Grundarfirði og Færeyskir dagar kynntir, svo og Vor undir Jökli og aðrir viðburðir. Að auki yrði afþreying og Snæfellsnesið í heild kynnt með auglýsingum.

Var samþykkt að sækja um og Guðrúnu falið að sjá um frágang umsóknar.

13. Kynningarefni fyrir Ferðatorg

Stefnt skal að því að fjórblöðungurinn verði tilbúinn fyrir þessa kynningu og honum dreift á henni.

14. Sameiginleg sýn Framkvæmdaráðsins

Rætt var um mikilvægi þess að allir stjórnarmenn í Framkvæmdaráðinu, svo og sveitarstjórnirnar, hefðu sameiginlega sýn á stefnu í Green Globe 21 málum næstu árin og ynnu skref fyrir skref að því að án árangri. Framkvæmdaáætlun hefur verið hlutuð niður í mælanleg verkefni, en *límingin* milli funda og ákvarðana Framkvæmdaráðs og framkvæmda sveitarfélaganna virðist nokkuð slök. Rætt var um það hvort hægt yrði að boða til fundar með sveitarstjórnunum og Framkvæmdaráði en ekki var tekin endanleg ákvörðun um það.

15. Önnur mál

Guðrún kynnti hugmynd að Umhverfishelgi á Snæfellsnesi undir þessum lið, þar sem gerð yrði tilraun til að efla samstarf milli stjórna sveitarfélaganna og íbúa þeirra í vinnu að umhverfisvernd. Málið verður nánar rætt síðar.

16. Ákvörðun um næsta fundardag

Samþykkt var að hittast fimmtudaginn 31. mars í Grundarfirði kl. 13:00.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:15.

Fundarritari: Guðrún G. Bergmann

